BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 160

# Kristín Jónsdóttir

(1909-2002)

## Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 160*

# Kristín Jónsdóttir, húsfreyja

(1909-2002)

Petrína Kristín Jónsdóttir var fædd 13. ágúst 1909 á Búðum á Snæfellsnesi.

Kristín lést 22. mars 2002. Hún fluttist að Hellnum með foreldrum sínum, Jóni Helgasyni sjómanni frá Gíslabæ á Hellnum, Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu, fæddur 31. október 1870, dáinn 10. júní 1912, og Sveinbjörgu Pétursdóttur frá Malarrifi, fædd 19. janúar 1886, dáin 2. október 1938. Foreldrar Jóns voru hjónin Helgi Árnason, óðalsbóndi og hreppstjóri í Gíslabæ og Kristín Grímsdóttir. Jón og Sveinbjörg byggðu Bjarg í landi Gíslabæjar. Jón lést þegar Kristín var barn að aldri.

Kristín giftist 11. október 1930 Helga Thorberg Kristjánssyni, vélstjóra og kennara, fæddur 20. september 1904, dáinn 9. september 1976. Foreldrar hans voru Kristján Kristjánsson, bátasmiður frá Ytra-Skógarnesi í Miklaholtshreppi, fæddur 4. ágúst 1871. dáinn 22. janúar 1944, og fyrri kona hans Helga Ingibjörg Helgadóttir, frá Gíslabæ á Hellnum, fædd 27. júní 1884, dáin 20. október 1904. Kristín og Helgi voru systkinabörn. Börn þeirra: Kristín, fædd er 1. ágúst 1931, Jón, fæddur 12. desember 1932, Kristján, f. 15. september 1934 og Jóhannes, fæddur 25. apríl 1936.

Jóhannes Helgason, tréskurðarmeistari, var föður- og móðurbróðir Kristínar. Umfjöllun um hann og list hans er að finna í Morgunblaðinu 2. september 2000.

Kristín Helgadóttir, dóttir Kristínar Jónsdóttur, gaf safninu eftirfarandi skjöl.

Sjá einnig E-121: Kristín Helgadóttir.

## Skjalaskrá

**Askja 1.**
Ávarp á brúðkaupsdegi.
Reikningur. Afmæli Guðbjargar Helgadóttur, 1965.
Bréf til Helga Kristjánssonar um símsendingu frá Karli Kristmanns, Vestmannaeyjum, 1953, auk póstkvittunar.
Jens Hermannsson. Dr. Charcot 16. september 1936.
Úrklippa úr dagblaði: Glæsilegt brúðkaup í Viðey, milljóna brúðarklæði.
Úrklippa: Ísleik ull. Fyrirtækið Íslenzk ull, starfrækt 1938-1951 í Suðurgötu 22, Reykjavík. Eining, desember 1970.
Mannamyndir: Lítil stúlka með bangsann sinn; ljósmyndarkort af systkinum; telpa; tvær systur: Auður 5 ára, Gíslena 4 ára; ungur piltur: Kristján Einarsson, Bakka, A.-Landeyjum, Rang., ungur maður: Gunnar Rósmundsson, Bolungarvík.
Ljósmyndir, af höfninni í Reykjavík og skipum; skipi; dúklögðu borði með kaffikönnu og kökum, 1959; hús; heyskapur 1962, fólk á báti, 1962; sveitabær: Glaumbær í Skagafirði; umhverfi og framkvæmdum við Reykjavíkurveg 31, ein myndanna sýnir húsfreyjuna Kristínu Jónsdóttur í dyragættinni.
Skömmtunarseðill fyrir mjólk veturinn 1955-1956, tveir seðlar.
Fyrsti skömmtunarseðill 1960, þrír að tölu.
Prjónauppskriftir og mynstur, stílabók; prjónauppskrift á miða.
Biskupsvísitasía á Raufarhöfn. Guðsþjónusta 20. ágúst 2002.
Hallgrímskirkja í Saurbæ
Frímerki: 2,50 kr.
Fundarboð: Aðalfundur M.F.Í., 1947.
Útdráttur úr fundargerð aðalfundar M.F.Í. 1949 (Mótorvélstjórafélag Íslands).
Den levande kanonkulan Leoni, áritað; tvö spjöld.
Bíó-prógröm.
Leikfélag Kópavogs: Veðmál mæru lindar, kínverskur gamanleikur eftir S.J. Hsiung, 1959.
Skólasýning Miðbæjarskólans 1862-1962.
Boðskort á listviðburði; Brugskunst i hverdagen. Listiðja í dagsins önn. Kvennavinna. Nordisk vandreudstilling i anledning af det internationale kvindeår. Juni – oktober 1975, þurrkaðar fjólur eru innan í bæklingnum; Málverkasýning Þórðar Halldórssonar frá Dagverðará á Snæfellsnesi í Bogasalnum 15.-24. febrúar 1964. Myndaskrá, þar inn í er uppskrift úr dagblaði um sýninguna og minnisatriði.
Forsetakosningaauglýsingar: Guðlaugur Þorvaldsson, Albert Guðmundsson.
Samkeppni um minningaskrif fólks eldra en 67 ára.
Auglýsingar frá ýmsum fyrirtækjum og leiðbeiningarbæklingar.
KRON: Árshátíð 1964.
Álafoss-auglýsingar.
Sólarferðartilboð Gigtarfélags Íslands 1982.
Flokkur mannsins: Konur eru menn.
Þessa konu megum við ekki missa út af þingi, Jóhönnu Sigurðardóttur, XA.
Alþýðuflokkurinn í Reykjavík
Umslag utan um filmur: Gevafoto, Agfacolor.
Prentaðar nótur í plastslíðri.

Information and Washing Directions.
Heillaskeyti (hjúskaparafmæli), 1950.
Hausthappdrætti heyrnarlausra 1990.
Switzerland. Sígarettupakkamiði.
Gettu hvað Rósa er gömul? Grínkort.
Kvæði; vísur.
Miðill frá Garði í Gerðum, Suðurnesjum: Una Guðmundsdóttir.
Þakkarkort fyrir sýnda vináttu og hlýhug á sextugsafmæli.
Kvittun vegna minningargjafar til minningar um dr. Kristján Eldjárn, 1982.
Þakkarkort vegna auðsýndrar samúðar og kort með hinstu kveðju.
Askja með þakkarkortum vegna auðsýndrar samúðar.
Þjóðminjasafn Íslands. Sýning í Bogasal. Úr fórum safnsins. Munir og myndir, 1983. Gripir nr. 8 eru eftir Jóhannes Helgason, skurðlistarmann frá Gíslabæ á Hellnum.

**Askja 2.**
Jólakort 1945-1985.
Askja með óárituðum póstkortum, merkt: Ónotuð póstkort frá Íslandi.

**Askja 3.**
Kom 2. apríl 2003:
Bréf til Helga Kristjánssonar, frá Sveini Gunnlaugssyni, Hvallátrum, 1962
Heillaskeyti 1949-1989.
Gamall kirkjureikningur, 1790 (gamanmál).
Þakkarkort fyrir auðsýnda samúð vegna andláts Bjarna Pálssonar, Magnúsar Kristjánssonar, Snorra Ásgeirssonar, Theodórs Daníelssonar.
Texti til upplesturs í útvarpi: Föðursystir mín Guðbjörg Helgadóttir frá Gíslabæ verður jarðsungin...
Ljósmynd, götumynd.
Umslag stílað á Helga Kristjánsson.
Umslag með kortum sem sýna skútur á siglingu fyrir þöndum seglum.
Teiknuð snið, kvenflíkur; úrklippur úr tískublaði.
Sölubæklingar frá Álafossi.
Eldhúsbókin, nóvember 1970, ásamt sniðum.
Neytendablaðið 2. tbl. 1974.
Tíminn, þriðjudagur 6. júní 1972.
Jólapósturinn II. 1970.
Friðarboðinn og vinarkveðjur, tímarit, nóv. 1949, VI. hefti, 6. bindi.
Bíó-prógröm: Blóðský á himni, sýnd í Austurbæjarbíói; Steinblómið, sýnd í Tripoli-bíói.
Aðgöngumiði að hljómleikum í Austurbæjarbíói.
Boðskort á listsýningu.
Úrklippur úr dagblöðum: Er þetta fegursti bátur flotans? Er þetta fegursti bátur sinnar stærðar í íslenzka flotanum?
Veggspald: Leikfjelag Reykjavíkur: Myndir úr sjónleiknum Hallsteinn og Dóra eftir Einar H. Kvaran. Leikflokkur undir stjórn Haralds Björnssonar sýnir sjónl. „Hallsteinn og Dóra" á Akureyri um mánaðar-mótin júní-júlí, án árs.
Búðakirkja á Snæfellsnesi.
Nääs – kort historik. Slottet på August Abrahamsons tid – 1880.
Kirkjumál Dómkirkjusafnaðarins. Safnaðarfundar-erindi eftir dr. Jón Helgason, biskup. Reykjavík 1935.
Borðalmanak Landsbankans 2002.
Eyðublað frá Bókabúð Lárusar Blöndals.
Bréfmiði um filmusendingu.
Bæklingur frá SS (Sláturfélag Suðurlands) á jólaborðið.

Merkimiðar á jólapakka.
Leiðbeiningarbæklingur með Dion Super-White, Mjallhvítir.
Ferðabæklingar frá Færeyjum og Danmörku.

**Askja 4.**
Jólakort, ca. 1980-1999.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir

*Sótt á heimili Kristínar Helgadóttir, í mars 2007, Kristín kom með skjöl í safnið í júlí og ágúst 2007. sjá einnig E-121 og 340.*

**Askja 5.**
Bréf Kristínar og Helga fyrir giftingu þeirra 11. október 1930
til Helga frá föðurömmu Kristínar Jónsdóttur og móðurömmu Helga Kristjánssonar, Kristínu Grímsdóttur, og frá móður Kristínar Sveinbjörgu Pétursdóttur frá Malarrifi.
Bréf pökkuð og merkt frá Guðbjörgu Helgadóttur föðursystur Kristínar Jónsdóttur til Kristínar Jónsdóttur og dóttur hennar Kristínar Helgadóttur.
Bréf Helga til Kristínar þar sem hann lýsir sinni fyrstu flugferð.
Æviágrip Kristínar Grímsdóttur og Helga Árnasonar frá Gíslabæ á Hellnum.
Blaðaúrklippur minningargreinar um þau hjónin Helga og Kristínu.
Æviágrip þeirra Helga og Kristínar.
Vegabréf þeirra Helga og Kristínar.
Minningarkort um Helga Kristjánsson.
Bréf frá Helga til konu sinnar Kristínar.

**Askja 6**
Bréf pökkuð og merkt til Kristínar frá Helga Kristjánssyni manni hennar og frá Guðmundi Kristjánssyni tengdabróður hennar.
Vegabréf Helga Kristjánssonar frá 1942.
Gögn v/orlof húsmæðra.
Ferðabæklingar.
Afsal og kaupsamningur v/húseignina að Reykjavíkurvegi 31 (1998,1999).

**Askja 7**
Bréf pökkuð og merkt frá Kristínu til Helga.
Myndir teknar við útfarir Guðbjargar og Jóhannesar, Guðmundar Péturssonar og Kristína A. Helgadóttur.
Fjölskyldumynd: hjónin Helgi Árnason og Kristín Grímsdóttir ásamt börnum sínum Jóhannesi, Guðbjörgu og Kristínu og dóttursyni Guðmundi Kristjánssyni.
Bréf frá Kristínu í Skógarnesi; afmæliskveðjur; Guðbjargar systur Kristínar (1920); Bréf frá Kristínu Jónsdóttur til móður hennar .(1929).
Leiðréttingar Helga Kristjánssonar við minningargrein um Magnús Kristjánsson trésmíðameistara frá Ólafsvík.
Bólusetningarvottorð Petrínu Kristínar Jónsdóttur undirritað af Helga Árnasyni hreppstjóra (1915).

**Askja 8**
Bréf pökkuð og merkt frá dóttur (Kristínar Helgadóttur) og tengdasyni (Reinharði Sigurðssyni) til Kristínar og frá Kristínu Jónsdóttur til dóttur hennar.

**Askja 9**
Bréf frá Kristjáni Helgasyni (Diddi).
Bréf frá Jóni Helgasyni (Nonna).
Fæðingarvottorð fyrir Helga Thorberg Kristjánsson útg. í Kópavogi 1971.
„Ort til ömmu minnar“ kvæði eftir Aðalheiði Ragnarsdóttur, sonardótturdóttur þá 11 ára (2002), í orðastað móður sinnar Kristínar Jónsdóttur (sonardóttur Kristínar Jónsdóttur eldri), ásamt ýmsum skriflegum upplýsingum frá Kristínu (dóttur Kristínar og Helga).
Fjölskyldumót í Jónshúsi í júní 2001 listi yfir afkomendur hjónanna Kristínar og Helga.
Sönghefti varðandi Fjölskyldumót Gíslabæjarættarinnar frá Hellnum í júní 2004 ásamt ljósriti af leiðakorti.
Listi yfir tengingu við Skjaldartraðarfólkið.
Minningargrein úr Morgunblaðinu um Kristínu Jónsdóttur (6.apríl 2002).
Ljósrit af viðtali við Kristján Helgason, son þeirra Kristínar og Helga (7. júní 2006).
Blaðaúrklippa úr Fréttablaði Félags heyrnarlausra (september 2007): *Táknmálsfréttir í 27 ár*: Greinin fjallar um Trausta Jóhannesson (sonarson Kristínar og Helga) sem er táknmálsfréttaþulur hjá Sjónvarpinu (RUV).
Lýsing á ferð til Malorka.
Kommúnistaávarpið útg. 1924.
Silfurskjöldur og kveðjur til Helga frá bróður hans Guðmundi í tilefni af 70 ára afmæli Helga.

Skráð í júní/ágúst/september 2007/Elín Þórðardóttir

*Viðbót við safnið sótt til Kristínar Helgadóttur 29. október 2009.*

**Askja 10**

Ferð Kristínar Jónsdóttur og Helga Kristjánssonar til Kaupmannahafnar, 7. júní 1970.
Frásögn Kristínar Jónsdóttur um dvöl sína (í dagvist) á Dalbraut 20 Reykjavík frá 1985-1986.
Gestabók (mappa): Minning Kristín Jónsdóttir. Í henni eru:
Bréf til og frá Öryrkjabandlagi Íslands vegna íbúðarumsóknar Helga Kristjánssonar 1972.
Borðar og reikningar vegna andláts Helga 1976.
Kort til Kristínar Jónsdóttur frá Helga 1967.
Kort til Kristínar Jónsdóttur frá Kristínu Helgadóttur 2001.
Jólakort til Kristínar Jónsdóttur 1994 og 2001.
Andlát Kristínar Jónsdóttur: símskeyti, samúðarkort og borðar 2002.
Ljóð og nöfn þeirra sem komu í jarðaför /erfidrykkju Kristínar Jónsdóttur.
Ljósmynd: Aftan á myndina hefur Kristín Helgadóttir skrifað: „Þetta fólk eru börn Kristínar Jónsdóttur og Helga Kristjánssonar og makar þeirra.Talið frá vinstri: Fríða Sigurveig Traustadóttir, Jóhannes Helgason, Björg Jónsdóttir, Kristján Helgason, Kristín Helgadóttir, Reinharð Sigurðsson, Jón Helgason og Aðalheiður Guðmundsdóttir“.

Skráð í nóvember 2009 Gréta Björg Sörensdóttir